

Þýtt úr ensku:

CCPE(2014)Lokagerð

(Merki) Evrópuráðið

Strassborg 17. desember 2014

RÁÐGJAFARÁÐ EVRÓPSKRA SAKSÓKNARA
(CCPE)

Álitsgerð nr. 9 (2014)

frá ráðgjafaráði evrópskra saksóknara

til ráðherranefndar Evrópuráðsins

um

evrópsk viðmið og meginreglur varðandi opinbera saksóknara

Í þessari álitsgerð er:

-Sáttmáli, nefndur „Rómarsáttmálinn“,

- Ítarleg greinargerð um meginreglurnar sem fram koma í sáttmálanum.

RÓMARSÁTTMÁLINN

Ráðgjafaráð evrópskra saksóknara (CCPE) sem að beiðni ráðherranefndar Evrópuráðsins um að útbúa tilvísunarskjal um evrópsk viðmið og meginreglur varðandi saksóknara, varð sammála um eftirfarandi:

- I. Í öllum réttarkerfum stuðla opinberir saksóknarar (nefnast hér eftir „Saksóknarar“) að því að tryggja að réttarregla sé tryggð, einkum með sanngjarnri, óhlutdrægri og skilvirkri réttarvörslu í öllum málum og á öllum stigum málsmeðferðar innan valdsviðs þeirra.
- II. Saksóknarar starfa fyrir hönd samfélagsins og í almannabágu að virða og vernda mannréttindi og mannfrelsi eins og sérstaklega er kveðið á um í samningi um mannréttindi og mannfrelsi og í dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu.
- III. Hlutverk og verkefni saksóknara, bæði innan sviðs sakamála og utan þeirra, skulu skilgreind með lögum á æðsta mögulega stigi og þeim fylgt með ýtrustu virðingu fyrir meginreglum lýðræðis og gildum Evrópuráðsins.
- IV. Sjálfstæði og sjálfræði embættis saksóknara er ófrávíkjanlegur fylgifiskur sjálfstæðis dómkerfisins. Því ætti að hvetja þá almennu hneigð að efla sjálfstæði og virkt sjálfræði embætta saksóknara.

- V. Saksóknarar skulu vera sjálfstæðir í ákvarðanatekt sinni og sinna skyldum sínum án utanaðkomandi þrýstings eða afskipta, með hliðsjón af meginreglum um aðskilnað valds og ábyrgð.
- VI. Saksóknarar ættu að fylgja æðstu viðmiðum varðandi siðferði og fag sitt og ætíð koma fram með óhlutdrægni og hlutlægni. Þeir ættu þannig að kappkosta að vera og koma fyrir sem sjálfstæðir og óhlutdrægir, forðast stjórnmalapáttöku sem er ósamrýmanleg meginreglunni um óhlutdrægni og ekki beita sér í málum þar sem persónulegir hagsmunir þeirra eða samband þeirra við málsaðila gæti haft áhrif á óhlutdrægni þeirra.
- VII. Gegnsæi í störfum saksóknara er nauðsynleg í nútíma lýðræði. Siðareglur og starfsreglur, byggðar á alþjóðlegum viðmiðum, ber að samþykkja og gera opinberar.
- VIII. Í störfum sínum skulu saksóknarar virða regluna um sakleysi þar til sekt sannast, rétt til sanngjarns réttarhalds, jafnræði málsaðila, aðskilnað valds, sjálfstæði dómstóla og bindandi áhrif endanlegs dómsúrskurðar. Þeim ber að einbeita sér að því að þjóna samfélaginu og ættu einkum að huga að stöðu berskjaldaðra aðila, einkum barna og brotþola.
- IX. Saksóknarar njóta tjáningarfrelsis og félagafrelsis. Í samskiptum saksóknara og fjölmiðla ætti að virða eftirtaldar meginreglur: gera ráð fyrir sakleysi þar til sekt sannast, réttur til einkalífs og mannglegrar reisnar, réttur til upplýsinga og fjölmiðlafrelsi, réttur til sanngjarns réttarhalds, réttur til varnar, heilindi, skilvirkni og trúnaður við rannsóknir, sem og meginreglan um gegnsæi.
- X. Saksóknarar ættu ekki að njóta algerrar friðhelgi, heldur friðhelgi vegna starfa sinna í góðri trú þegar þeir sinna skyldum sínum.
- XI. Saksóknarar og fjölskyldur þeirra, þar sem þörf krefur, eiga rétt á vernd ríkisins þegar persónulegu öryggi þeirra er ógnað vegna starfa þeirra.
- XII. Ráðning og ferill saksóknara, þar á meðal stöðuhækkun, hreyfanleiki, agamál og uppsögn skulu vera samkvæmt ákvæðum laga og samkvæmt gegnsæum og hlutlægum skilyrðum, samkvæmt óhlutdrægu verklagi sem útilokar mismunun og gerir ráð fyrir möguleika á hlutlausri endurskoðun.
- XIII. Æðsta stig faglegrar hæfni og heilinda er forsenda fyrir virku embætti saksóknara og trú almennings á embættinu. Saksóknarar skulu því öðlast viðeigandi menntun og fræðslu í samræmi við sérgrein þeirra.
- XIV. Skipulag flestra embætta saksóknara byggist á stigveldi. Um samband milli stiga veldisins ættu að gilda skýrar, ótvíráðar og yfirvegaðar reglur. Framsal og endurframsal mála ætti að uppfylla kröfur um óhlutdrægni.
- XV. Saksóknarar ættu eingöngu að saksækja á grunni öruggra gagna sem talin eru með réttu vera traust og framleggjanleg. Saksóknarar ættu að neita að nota gögn sem talið er að hafi verið aflað með ólögmatum aðferðum, einkum þegar í því felast gróf mannréttindabrot. Þeir ættu að leitast við að tryggja að viðeigandi viðurlögum sé beitt gegn þeim sem bera ábyrgð á að nota slíkar aðferðir eða fyrir önnur brot á lögum.
- XVI. Saksóknir skulu vera ákveðnar en sanngjarnar. Saksóknarar eiga þátt í að dómar verði réttlátir og ættu að stuðla að áhrifaríkri, hnökralausri og skilvirkri starfsemi réttarkerfisins.
- XVII. Til að ná fram samkvæmni og sanngirni við ákvarðanatekt í saksóknarferlinu og fyrir dómi, ætti að gefa út skýrar viðmiðunarreglur, einkum varðandi ákvarðanir um hvort sækja skuli til sakar eða ekki. Þar sem það á við og í samræmi við lög ættu saksóknarar að íhuga aðrar leiðir en saksókn.

- XVIII. Saksóknarar ættu að hafa nauðsynleg og viðeigandi úrræði, þar á meðal afnot af nútímataækni til að sinna starfi sínu af kostgæfni sem er grundvöllur réttarreglu.
- XIX. Embætti saksóknara ættu að geta metið þarfir sínar, samið um fjárveitingar og ákveðið hvernig nýta skuli veitt fé með gagnsæum hætti, til að ná markmiðum sínum hratt og vandlega. Þar sem embætti saksóknara er falin umsjón með fjármunum ætti það að nota nútímastjórnunarreglur með skilvirkni og gagnsæi og fá einnig til þess nægilega fræðslu.
- XX. Gagnkvæm og sanngjörn samvinna er nauðsynleg fyrir skilvirkni embætta saksóknara á landsvísu og alþjóðavísu, milli embætta saksóknara og á milli saksóknara hjá sama embætti. Saksóknarar ættu að sinna alþjóðlegum beiðnum um aðstoð innan síns lögsagnarumdæmis með sömu kostgæfni og í vinnu sinni á landsstigi og ættu að hafa til ráðstöfunar nauðsynleg tæki, þar á meðal fræðslu, til að efla og viðhalda sönnu og virku samstarfi dómskerfa milli landa.

Samþykkt af CCPE í róm 17. desember 2014

GREINARGERÐ

Inngangur

1. Tilmæli Rec(2000)19 frá ráðherranefnd Evrópuráðsins um hlutverk saksóknara í réttarkerfinu er enn áfangi eftir 14 ár. Á sama tíma, síðan árið 2000, hafa aðrar hliðar á störfum saksóknara fengið umfjöllun í Evrópu og þörfin fyrir uppfærslu og samruna viðkomandi meginreglna hefur orðið augljós.
2. Í þessu samhengi óskaði ráðgjafaráð evrópskra saksóknara (CCPE) sem ráðherranefndin stofnaði 2005, eftir að tilgreina augljósustu hneigðirnar varðandi stöðu, verkefni og starfsemi saksóknara. Innan þessa ramma fól ráðherranefndin CCPE í janúar 2014 (1) að innleiða tilvísunarskjal um evrópsk viðmið og meginreglur varðandi saksóknara. Vegna þessa verkefnis tók CCPE mið af gögnum sem tilgreind eru í viðauka við greinargerð þessa.
3. Réttarkerfi aðildarríkja eru afar fjölbreytt, einkum varðandi verkefni og hlutverk saksóknara. Engu að síður er þeim ætíð skylt að virða mannréttindi og mannfrelsi eins og kveðið er á um í samningnum um verndun mannréttinda og mannfrelsis og dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu.
4. Þetta skjal er ætlað ríkisstofnunum og fyrir dómsvald, framkvæmdavald og löggjafarvald landa sem og sérfræðinga og rannsakendur.

1. Skilgreiningin á saksóknara

5. Opinberir saksóknarar (hér eftir „Saksóknarar“) eru opinber yfirvöld sem fyrir hönd samfélagsins og í almannabágu tryggja beitingu laga þar sem broti á lögum fylgja viðurlög, með tilliti til bæði réttinda einstaklingsins og nauðsynlegrar skilvirkni réttarkerfisins (2). Verkefni saksóknara getur líka falið í sér völd utan við réttarkerfið ef löggjöf viðkomandi lands kveður á um það. (3).

2. Hlutverk saksóknara

6. Í öllum málum og á öllum stigum málsmeðferðar stuðla saksóknarar að því að tryggja að réttarregla og allsherjarregla séu tryggðar með sanngjarnri, óhlutdrægri og skilvirkri réttarvörslu. (4)
7. Mikilvægt er að tryggja sjálfstæði og virkt sjálfræði saksóknara og að gera réttaröryggisráðstafanir. Skylda þeirra er að starfa með sanngirni, óhlutdrægni og hlutlægni. Í sakamálum verða saksóknarar einnig að taka tillit til alvarlegra afleiðinga réttarhalds fyrir einstaklinginn, jafnvel þó því ljúki með sýknun. Þeir ættu einnig að reyna að stuðla að því að réttarkerfi starfi eins hnökralaust og skilvirkt og mögulegt er og aðstoða dómstóla í að kveða upp sanngjarna úrskurði (5).
8. Kerfi þar sem saksóknari og dómari starfa samkvæmt ítrustu kröfum um heilindi og óhlutdrægni skapar meiri vernd mannréttinda en kerfi sem reiðir sig eingöngu á dómara (6).

2.1 Þættir í meðferð sakamála

9. Saksóknarar gegna mikilvægu hlutverki fyrir réttarreglu og sómasamlega starfsemi réttarkerfisins.
10. Saksóknarar ákveða hvort hefja skuli saksókn eða halda henni áfram, stjórna saksókn fyrir sjálfstæðum og óhlutdrægum dómi samkvæmt lögum og ákveða hvort áfrýja skuli dómsúrskurðum.
11. Í tilteknum réttarkerfum gegna saksóknarar einnig öðrum störfum, t.d. að fjalla um og framkvæma landsstefnu í afbrotamálum (aðlaga stefnuna þar sem það á við að svæðum og staðaraðstæðum), stjórna, stýra eða sjá um rannsóknir, tryggja að brotapolar fái skilvirka aðstoð, ákveða önnur úrræði en saksókn eða sjá um fullnustu dómsúrskurða (7).

2.1.1 Meginreglur sem ráða saksóknum

12. Réttarkerfi sumra aðildarríkja kveða á um meginregluna um „lögmæti“ sem grundvöll fyrir saksóknum. Réttarkerfi annarra aðildarríkja kveða á um meginregluna um „ákvörðunarfrelsi“ eða „tækifærisregluna“.
13. Til að ná samkvæmni og sanngirni í ákvarðanatekt innan saksóknarferlisins og fyrir dómi, ætti að gefa út skýrar viðmiðunarreglur, einkum varðandi ákvarðanir um hvort skuli saksækja eða ekki (8). Jafnvel þegar kerfið sér ekki fyrir að saksóknarar geti tekið ákvarðanir að vild, ættu almennar viðmiðunarreglur að ráða ákvörðunum sem þeir taka.
14. Saksóknarar ættu að leitast við að tryggja að allar nauðsynlegar og réttmætar athuganir og rannsóknir séu gerðar áður en tekin er ákvörðun um saksókn og henni eingöngu fylgt eftir þegar mál er byggt á gögnum sem talin eru traust og framleggjanleg. Saksóknum skal stjórnað af festu og sanngirni og ekki fram yfir það sem gögn gefa efni til. (9).
15. Þar sem þátttaka í rannsókn brot eða umsjón með lögreglu eða öðrum rannsóknaraðilum er á valdsviði þeirra, ættu saksóknarar að gera það með hlutlægni, óhlutdrægni og fagmennsku og leitast við að tryggja að rannsóknarembættin virði reglur laga og grundvallarmannréttindi (10).
16. Saksóknarar skulu taka tillit til hagsmuna vitna og, sé það innan þeirra valdsviðs, að gera eða efla ráðstafanir til að vernda líf þeirra, öryggi og friðhelgi eða tryggja að slíkar ráðstafanir hafi verið gerðar.

17. Saksóknarar skulu taka tillit til sjónarmiða og áhyggjuefna brotþola þegar málið varðar persónulega hagsmuni þeirra og gera eða efla ráðstafanir til að tryggja að brotþolar séu upplýstir um réttindi sín og gang málsins (11).
18. Saksóknarar skulu íhuga með kostgæfni hvort sækja skuli til sakar, virða réttindi brotþola, vitna og grunaðra og veita endurskoðunarrétt þeim sem ákvarðanir þeirra bitna á (12).
19. Saksóknarar skulu virða regluna um jafnræði málsaðila milli saksóknar og varnar, gera ráð fyrir sakleysi þar til sekt sannast, virða réttinn um sanngjörn réttarhöld, sjálfstæði dómstólsins, aðskilnað valds og bindandi áhrif endanlegra dómsúrskurða.
20. Saksóknara ber að leggja öll trúverðug gögn sem tiltæk eru fyrir dóminn og upplýsa sakborning um öll viðkomandi gögn. Komið geta upp aðstæður þar sem hætta skal saksókn. (13).
21. Saksóknarar skulu neita að nota gögn sem talið er með réttu að hafi verið aflað með ólögætum hætti, einkum þar sem í því felast alvarleg mannréttindabrot. Þeir skulu leitast við að tryggja að þeir sem bera ábyrgð á að nota slíkar aðferðir eða eru sekir um önnur brot á lögum (14) sæti viðurlögum. Í sumum kerfum nægja mannréttindabrot til að neita megi gögnum og þurfa brotin ekki að vera alvarleg.

2.2 Störf utan meðferðar sakamála

22. Í mörgum ríkjum hafa saksóknarar völd utan sviðs sakamála (meðal annars á sviði einkaréttar, sifjaréttar, vinnulöggjafar, stjórnýslu, kosningalaga, umhverfisverndar, félagsréttar og réttinda berskjaldaðra aðila eins og ólögráða barna, fatlaðra eða tekjulágra (15)).
23. Þar sem slíkt valdsvið er til staðar á saksóknari að vera fulltrúi almennra eða almannahagsmuna, vernda mannréttindi og mannfrelsi, og halda uppi réttarreglu (16). Þeim ber einnig að virða meginreglur lýðræðis og gilda Evrópuráðsins.
24. Þessu valdi ber að beita samkvæmt eftirfarandi viðmiðum:
 - Virða virka aðgreiningu ríkisvalds;
 - Virða sjálfstæði dómstóla og hlutverk þeirra í að vernda mannréttindi, jafnræði aðila, jafnræði málsaðila og forðast mismunun;
 - Farið sé eftir bókstaf laga eins nákvæmlega og auðið er, valdið sé afmarkað, skilgreint og samkvæmt skýrum opinberum viðmiðunarreglum til að forðast allan vafa (17).
 - Tryggja að engin ótilhlýðleg íhlutun sé í starfsemi embætta saksóknara;
 - Virða réttindi einstaklinga eða lögpersóna til að höfða mál eða halda uppi vörnum til að verja hagsmuni sína fyrir sjálfstæðum og óhlutdrægum dómstóli, jafnvel í málum þar sem saksóknari er eða hyggst vera aðili (18);
 - Brjóta ekki meginregluna um bindandi áhrif endanlegra dómsúrskurða (res judicata) með nokkrum undantekningum sem staðfestar eru samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum þar á meðal dómaframkvæmd dómstólsins;
 - Tryggja að skýrt sé kveðið á um getu persóna eða stofnana sem tengjast viðkomandi máli til að óska eftir endurskoðun á gerðum saksóknara;
 - Tryggja að réttur persóna eða stofnana sem koma að máli eða hafa hagsmuna að gæta í einkaréttarmálum til að gera kröfu gegn úrræðum eða sjálfgildi saksóknara sé tryggður.
25. Allar gerðir saksóknara sem hafa áhrif á mannréttindi og frelsi skulu sæta eftirliti hæfs dómstóls (19).

26. Þar sem saksóknarar hafa vald til að véfengja úrskurð dómstóls eða stjórnisýsluvalds, verða þeir að gera það með áfrýjunarvaldi eða valdi til að óska eftir endurskoðun á úrskurði. Í einkamáli milli aðila þar sem verja þarf almannahagsmunum eða fá þá viðurkennda fyrir dómi, á dómstóllinn síðasta orðið (20).
27. Saksóknari sem blandar sér í mál fyrir dómi utan sviðs refsivörslu ætti einkum í samræmi við staðarlög að:
- hafa jafnan rétt og skyldur gagnvart öðrum aðilum málsmeðferðarinnar;
 - ekki leyna gögnum sem varða viðkomandi ágreiningsmál;
 - hvorki taka þátt í rökræðum dómstólsins né láta líta út fyrir það;
 - hafa jafnan rétt og aðrir aðilar til að áfrýja dómsúrskurði og kemur það aldrei í stað áfrýjunarréttar þeirra;
 - beita valdi sínu óháð, með gegnsæi og í fullu samræmi við réttareglu;
 - blanda sér í mál gegn lögaðilum í málum þar sem réttmætar og hlutlægar ástæður til að ætla að viðkomandi aðili hafi brotið gegn lögbundnum skuldbindingum sínum, þar á meðal þeim sem leiddar eru af beitingu alþjóðlegra samninga um mannréttindi.

Viðkomandi úrskurðir saksóknara utan við svið refsivörslu ættu alltaf að vera rökstuddir og röksemdir opnar fyrir aðilum eða stofnunum sem koma að málinu eða hafa áhuga á því.

2.3 Aðrir kostir en saksókn og refsingar

28. Saksóknarar ættu að íhuga, þar sem það á við og er í samræmi við lög, aðra kosti en saksókn (21). Þegar þessum kostum er beitt ættu þeir að gera ráð fyrir fullri virðingu fyrir réttindum og lögmætum hagsmunum grunaðra og brotþola og bjóða möguleika á sáttamiðlun og sáttagerð milli lögbrotgjafa og brotþola (22). Sérstaklega skal hugað að eðli og alvarleika brotsins, verndun samfélagsins og karakter og bakgrunni lögbrotgjafa.
29. Til að efla sanngjarnt, samkvæmt og skilvirkt starf saksóknara eru viðkomandi ríkisyfirvöld hvött til að birta skýrar reglur, almennar viðmiðunarreglur og forsendur fyrir virkri og sanngjarnri stefnu í afbrotamálum sem tengjast öðrum kostum en saksókn.
30. Aðra kosti ætti aldrei að nota til að fara kringum reglur um sanngjarnt réttarhald með því að þvinga úrræði á saklausa persónu eða sem ekki var hægt að dæma vegna hindrana í málsmeðferð svo sem tímamörk fyrir saksókn eða þar sem vafi er á ábyrgð tilgreinds sakbornings eða umfang tjónsins sem brotið olli.
31. Með hliðsjón af mögulega skaðandi áhrifum meðferðar sakamáls og annarrar málsmeðferðar á þroska ungmenna, ættu saksóknarar að leita annarra kostna en saksóknar gegn brotlegum ungmennum, að því ysta marki sem lög heimila, þar sem slíkir kostir teljast réttmæt viðbrögð réttarkerfis við brotinu, að teknu tilliti til hagsmuna brotþola og almennings og í samræmi við markmið í sakamálum ungmenna (23).
32. Saksóknarar ættu að kappkosta að saksækja ungmenni eingöngu að því marki sem brýna nauðsyn ber til (24).

3. Staða saksóknara og öryggisráðstafanir þeim til handa vegna starfa þeirra

3.1 Sjálfstæði saksóknara

33. Sjálfstæði saksóknara -sem er nauðsynlegt fyrir réttarreglu -verður að tryggja með lögum á hæsta mögulega stigi, á svipaðan hátt og fyrir dómara. Í löndum þar sem saksóknari er óháður stjórnvöldum, verður ríkið að gera virkar ráðstafanir til að tryggja að lög kveði á um eðli og umfang þessa sjálfstæðis. Í löndum þar sem saksóknari er hluti af stjórnvöldum eða undirskipaður þeim eða hefur aðra stöðu en lýst er að ofan, verður ríkið að tryggja að lög kveði einnig á um eðli og umfang valds hans og að stjórnvöld beiti valdi sínu með gegnsæum hætti og samkvæmt alþjóðasáttmálum, landslögum og almennum reglum laga (26).
34. Mannréttindadómstóll Evrópu (nefnist hér eftir Dómstóllinn) taldi nauðsynlegt að leggja áherslu á að „í lýðræðisríki verði bæði dómstólar og rannsóknaryfirvöld að vera laus við pólitískan þrýsting (27). „ Því fylgir að saksóknarar ættu að vera sjálfráðir við ákvarðanatekt sína og sinna störfum sínum lausir við utanaðkomandi þrýsting eða íhlutun frá framkvæmdavaldinu eða þinginu, með tilliti til meginreglna um valdgreiningu og ábyrgð, en taka samtímis þátt í samstarfi með öðrum stofnunum (28). Dómstóllinn vísaði einnig til sjálfstæðis saksóknara í samhengi „almennra varúðarráðstafana eins og trygginga sem tryggja að saksóknarar geti starfað óháð stigveldi þeirra og eftirlits réttarkerfisins með störfum embættis saksóknara (29).“
35. Sjálfstæði saksóknara er ekki er ekki réttur eða forréttindi sem veitt eru í þágu saksóknara, heldur trygging fyrir sanngjörnu, óhlutdrægu og virku réttarkerfi sem verndar bæði almannahagsmuni og einkahagsmuni viðkomandi einstaklinga.
36. Ríki verða að tryggja að saksóknarar geti sinnt störfum sínum án ógnana, hindrana, áreitnis, óréttmætra afskipta eða sæti ranglega einkaréttarábyrgð, refsíábyrgð eða annars konar ábyrgð (30).
37. Saksóknarar ættu í öllum tilvikum að vera í stöðu til að saksækja, án hindrana, opinbera embættismenn fyrir brot sem þeir hafa framið, einkum spillingu, ólögsmæta valdbeitingu og gróf mannréttindabrot (31).
38. Saksóknarar verða að vera óháðir bæði framkvæmdavaldinu og löggjafarvaldinu en einnig öðrum aðilum og stofnunum, þar á meðal þeim sem eru á sviði efnahags, fjármála og fjölmiðla.
39. Saksóknarar eru einnig sjálfstæðir að því er varðar samstarf þeirra við löggæsluyfirvöld, dómstóla og aðra aðila.

3.2 Stigveldið

40. Stigveldisskipan er algengt einkenni flestra embætta saksóknara, miðað við eðli verkefna þeirra. Samband milli mismunandi laga stigveldisins verður að ráðast af skýrum, ótvíræðum og yfirveguðum reglum og kveða verður á um ásættanlegt kerfi valdajafnvægis.
41. Í ríki sem stjórnast af réttarreglu og skipulag stigveldis er á embætti saksóknara er skilvirkni saksóknar, að því er varðar saksóknara, nátengt gegnsæum línunum valds, ábyrgðarskyldu og ábyrgð.
42. Mikilvægt er að móta viðeigandi tryggingar um afskiptaleysi af störfum saksóknara. Afskiptaleysi þýðir að störf saksóknara, einkum við flutning mála fyrir dómi, eru laus við utanaðkomandi þrýsting og einnig ótilhlýðilegan eða ólögsmætan þrýsting innan

saksóknarkerfisins (32). Í stígveldi verður yfirsaksóknari að geta haft viðeigandi umsjón með ákvörðunum embættisins, með fyrirvara um hæfilegar öryggisráðstafanir varðandi réttindi einstakra saksóknara.

3.2.1 Framsal og endurframsal mála

43. Með tilliti til skipulags og innri starfsemi saksóknara, einkum framsals og endurframsals mála, ætti það að uppfylla kröfur um óhlutdrægni að því er varðar skipulag, ábyrgð og ákvörðunarvald embættis saksóknara.
44. Framsal og endurframsal mála ætti að ráðast af gegnsæri reglugerð fylgir stígveldisskipan eða stíglausri skipan embættis saksóknara.

3.2.2 Fyrirmæli

45. Almennar ákvarðanir um framfylgd afbrotastefnu skulu vera gegnsæar til að tryggja sanngirni, samkvæmni og skilvirkni í störfum saksóknara.
46. Almenn fyrirmæli verða að vera skrifleg og þar sem það er mögulegt, birt eða gerð gegnsæ með öðrum hætti. Slík fyrirmæli skulu virða jafnræði og jafnrétti (33).
47. Fyrirmæli frá framkvæmdavaldinu eða efra stigi stígveldis varðandi tiltekin mál eru óásættanleg í sumum réttarkerfum. Þó sé almenn hneigð fyrir auknu sjálfstæði í kerfi saksóknara, sem CCPE hvetur til, eru engin almenn viðmið varðandi þetta. Þar sem löggjöfin heimilar enn slík fyrirmæli, ættu þau að vera skrifleg, afmörkuð og samkvæmt reglum laga.
48. Opinber starfsmaður sem telur að þess sé krafist af honum/henni að aðhafast með ólögmatum, röngum eða ósiðlegum hætti, ætti að bregðast við því lögum samkvæmt (34).
49. Saksóknara er heimilt að óska eftir að fyrirmæli séu skrifleg. Ef hann/hún telur að fyrirmælin séu annað hvort ólögmat eða stríði gegn samvisku hans/hennar, ætti fullnægjandi innra ferli að vera til staðar sem gæti leitt til að honum/henni verði skipt út (35).
50. Hafa ber á hreinu að þessar tryggingar eru settar með hagsmuni einstakra saksóknara og almennings í huga (36).

3.3 Skipun og starfsferill

3.3.1 Almennar reglur

51. Aðildarríki ættu að gera ráðstafanir til að tryggja að:
 - a) ráðning, stöðuhækkun og tilfærsla saksóknara fari fram samkvæmt sanngjörnum og óhlutdrægum ferlum og útiloki hvers konar mismunun á grundvelli kyns, kynþáttar, hörundslitar, tungumáls, trúarbragða, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis eða uppruna, tengingar við minnihlutahóp þjóðar, eigna, fæðingar eða annars konar stöðu;

- b) starfsferill saksóknara, faglegt mat á þeim, stöðuhækkanir og tilfærsla í starfi ráðist af gegnsæum og hlutlægum forsendum, svo sem hæfni og reynslu; ráðningaraðilar skulu valdir á grundvelli hæfni og hæfileika og sinna starfi sínu án hlutdrægni og byggja á hlutlausum forsendum;
 - c) tilfærsla saksóknara í starfi ræðst einnig af þörfum embættisins (37).
52. Skipun og starfslok saksóknara skulu vera samkvæmt lögum æðsta mögulega stigs og fylgja skýrum og auðskildum ferlum og verklagi.
 53. Nálægð og heildandi eðli starfa dómara og saksóknara skapa svipaðar kröfur og tryggingar varðandi stöðu þeirra og starfsskilyrði, þ.e. varðandi ráðningu, menntun, starfsferil, laun, aga og tilfærslu (sem aðeins má vega samkvæmt lögum eða með samþykki þeirra) (38). Af þessum ástæðum er nauðsynlegt að tryggja réttmæta fastráðningu og viðeigandi skipulag á stöðuhækkun, agareglum og uppsögn (39).
 54. Óhlutdrægni sem í einhverju formi verður að ráða ráðningum og starfsferli saksóknara getur leitt til fyrirkomulags samkeppni um aðgang að starfsgreininni og stofnun Yfirráðs (High Council), annað hvort fyrir dómskerfið í heild eða fyrir saksóknara (40).
 55. Fyrirkomulag á skipun ríkissaksóknara og starfslok gegnir mikilvægu hlutverki í kerfinu og tryggir rétta starfsvirkni embættis saksóknara (41).
 56. Hafi stjórnvöld einhver ráð yfir skipun ríkissaksóknara er mikilvægt að valsaðferðin skapi traust og virðingu almennings og aðila dómskerfisins og embætti saksóknara og lögmanna. Ríkissaksóknari ætti að vera skipaður annað hvort í hæfilega langan tíma eða ævilangt til að tryggja festu í umboði hans/hennar og gera hann/hana óháða stjórn málaegum breytingum (42).

3.3.2 Fræðsla

57. Æðsta stig fagmenntunar og heilinda er forsenda fyrir skilvirku embætti saksóknara og trausti almennings á embættinu. Saksóknarar ættu því að hafa viðeigandi menntun og þjálfun varðandi sérhæfingu sína (43).
58. Ýmis réttarkerfi Evrópu bjóða upp á færðslu fyrir dómara og saksóknara samkvæmt ýmsum líkönum og er þjálfunin á vegum tiltekinna aðila. Í öllum tilvikum er mikilvægt að tryggja sjálfstætt eðli stofnunarinnar sem falið er að skipuleggja slíka fræðslu, því sjálfstæðið er trygging fyrir menningarlegri fjölhyggju og sjálfstæði (44).
59. Slík fræðsla skal skipulögð á grundvelli óhlutdrægni og skilvirkni hennar og hlutlægni metin reglulega. Ef það á við getur sameiginleg fræðsla fyrir dómara, saksóknara og lögmenn um sameiginleg hagsmunamál stuðlað að betri gæðum réttvísi (45).
60. Fræðslan ætti einnig að ná til starfsfólks og opinberra embættismanna og starfsfólks löggæslu.
61. Fræðsla, þar á meðal stjórnunarfræðsla (46), er bæði réttur og skylda fyrir saksóknara, bæði áður en þeir axla skyldur sínar og á varanlegum grundvelli.
62. Saksóknarar ættu að njóta viðeigandi sérhæfðrar fræðslu til að geta sinnt ábyrgðarskyldum sínum fullnægjandi innan og utan réttarkerfisins (47), þar á meðal í tengslum við meðferð fjármuna (48) og á sviði samskipta (49).
63. Ríki ættu því að gera virkar ráðstafanir til að tryggja að saksóknarar hafi viðeigandi menntun og þjálfun, bæði fyrir og eftir skipun þeirra. Einkum skulu saksóknarar vera meðvitaðir um eftirfarandi:
 - a) meginreglur og siðferðisskyldur embættis þeirra;
 - b) stjórnskipunarvernd og aðra vernd einstaklinga sem eiga aðild að sakamálsmeðferð;

- c) mannréttindi og frelsi samkvæmt samningi um verndun mannréttinda og mannfrelsis (einkum 5. og 6. grein) og dómaframkvæmda Mannréttindadómstóls Evrópu;
- d) meginreglur og starfshætti vinnuskipulags, stjórnunar og mannauðs;
- e) skipulag og efni sem stuðla að skilvirkni og samkvæmni í störfum þeirra (50).

64. Nýjar áskoranir í sakamálum og vaxandi margbreytni í tilteknum brotaflokkum eru vegna örrar þróunar nýrrar tækni, hnattvæðingar og aukinna alþjóðaviðskipta og gagnastreymis. Saksóknarar þurfa sérstaka fræðslu til að geta brugðist við þessum nýju ógnunum (51).

3.3.3 Mat á faglegri hæfni

- 65. Mat á frammistöðu saksóknara ætti að fara reglulega fram, vera sanngjarnt, á hæfilegum, hlutlægum og ákveðnum forsendum og með viðeigandi og réttmætum hætti.
- 66. Saksóknarar skulu hafa aðgang að niðurstöðum mats á þeim og geta gert athugasemdir og lagalegar úrbætur þar sem það á við.
- 67. Stöðuhækkun saksóknara verður að byggjast á hlutlægum þáttum, einkum fagmenntun, hæfni, heilindum og reynslu og ákveðin með sanngirni og óhlutdrægni. (52).

3.3.4 Flutningar og færnanleiki

- 68. Ein leið til að hafa óréttmæt áhrif á saksóknara gæti verið að færa hann/hana í aðra skrifstofu embættisins án samþykkis.
- 69. Við færslu eða tímabundna færslu gegn vilja saksóknara, innan embættis eða utan, ætti að meta mögulega áhættu á móti öryggisráðstöfunum laga (dæmi: færsla sem er í raun dulbúið agamál).
- 70. Færsla á saksóknara án samþykkis hans/hennar ætti að ráðast með lögum og takmarkast við sérstakar kringumstæður, svo sem mikla þörf fyrir þjónustu (jöfnun á vinnuálagi og þess háttar) eða agaviðurlög í sérlega alvarlegum málum en ætti einnig að taka mið af skoðunum, hugmyndum og sérhæfingu saksóknarans og fjölskyldu hans/hennar (53).
- 71. Áfrýjun til óháðs aðila ætti að vera möguleg.

3.3.5 Uppsögn

- 72. Þar sem hlutverk og starf saksóknara er mikilvægt ætti uppsögn þeirra að vera háð ströngum kröfum, sem grafa ekki undan sjálfstæði og óhlutdrægni í störfum þeirra (54). Allar tryggingar varðandi agaviðurlög ættu að gilda.
- 73. Sjálfstæði saksóknara er vörn þeirra fyrir geðþóttuupsögn eða pólitískt tengri uppsögn. Þetta á einkum við um ríkissaksóknara og lög ættu að kveða skýrt á um skilyrði fyrir uppsögn þeirra áður en starfstíma lýkur (55).

3.4 Starfsskilyrði

3.4.1 Almennar reglur

74. Saksóknarar ættu að hafa nauðsynlegar og viðeigandi leiðir til að sinna starfi sínu sem er grundvallaratriði réttarreglu (56).
75. Þjóðríki ættu að gera ráðstafanir til að tryggja að starfsskilyrði saksóknara séu skikkanleg varðandi þóknun, fastráðningu og eftirlaun í samræmi við mikilvægt hlutverk þeirra sem og hæfilegan eftirlaunaaldur (57).
76. Starfsskilyrði ættu að endurspeglar mikilvægi og reisu embættisins og virðingu sem því fylgir (58). Viðeigandi laun saksóknara gefa einnig til kynna viðurkenningu á mikilvægu starfi þeirra og hlutverki og geta einnig dregið úr hættu á spillingu (59). Kaupaukar, þar sem þeir eru til, ættu að byggjast á forsendum sem eru gegnsæar og hlutlægar.

3.4.2 Ósamrýmanleiki og hagsmunaárekstrar

77. Saksóknarar ættu ætíð að fylgja æðstu viðmiðum í siðferði og fagi. Þeir ættu einkum ekki að beita sér í málum þar sem persónulegir hagsmunir þeirra eða tengsl þeirra við málsaðila gætu haft áhrif á óhlutdrægni þeirra (60). Saksóknarar ættu ekki að taka þátt í athæfi eða viðskiptum eða öðlast stöðu eða starf, launað eða ólaunað, sem er ósamrýmanlegt við starfsskyldur þeirra eða truflandi (61).
78. Ríki ættu að tryggja að einstaklingur geti ekki á sama tíma starfað sem saksóknari og dómari. En ríki geta þó gert ráðstafanir til að mögulegt sé fyrir sama aðila að sinna störfum saksóknara og síðan dómarastörfum. Slíkt breytingar á störfum eru eingöngu gerlegar að sérstakri beiðni viðkomandi og samkvæmt öryggisráðstöfunum (62).
79. Að eigna saksóknara dómarastörf ætti að takmarkast við mál sem afar litlar refsingar fylgja, ætti ekki að beita í tengslum við saksóknarvald í sama máli og má ekki spilla rétti sakbornings til úrskurðar í slíkum málum af hálfu óháðs og óhlutdrægs yfirvalds sem gegnir dómsstörfum. (63).
80. Saksóknarar ættu ætíð að koma faglega fram og kappkosta að vera sjálfstæðir og óhlutdrægir í orði og æði (64).
81. Saksóknarar ættu að forðast stjórnmalastörf sem samrýmast ekki reglunni um óhlutdrægni.
82. Saksóknarar skulu beita tjáningarfrelsi sínu og félagafrelsi þannig að það samrýmist embætti þeirra og hefur ekki áhrif eða virðist ekki hafa áhrif á sjálfstæði þeirra fyrir dómi og í saksókn eða óhlutdrægni. Þeim er frjálst að taka þátt í opinberum umræðum um mál sem varða lagaefni, réttarvörslu eða dómsstörf, en mega ekki tjá sig um óútkljáð mál og skulu forðast að viðra skoðanir sem gætu spillt stöðu og heilindum dómstólsins (65).
83. Samkvæmt lögum og í hæfilegan tíma ætti saksóknari ekki að beita sér fyrir einstakling eða aðila varðandi mál sem hann/hún starfaði í, eða veitti ráðgjöf, opinbera þjónustu og sem myndi vera sérlega hagkvæmt fyrir viðkomandi einstakling eða aðila (66).
84. Saksóknari, líkt og dómari, má ekki beita sér í máli þar sem hann/hún hefur persónulegra hagsmuna að gæta og getur verið háð ákveðnum takmörkunum sem eiga að tryggja óhlutdrægni hans/hennar og heilindi (67).

3.5 Tryggingar í málsmeðferð

85. Viðmið og meginreglur mannréttinda staðfesta að saksóknarar bera ábyrgð í störfum sínum og geta sætt agaviðurlögum (68).
86. Í lýðræðiskerfi undir réttarreglu ætti sýknun einstaklings ekki að leiða til agaviðurlaga fyrir saksóknara málsins.
87. Ríki ættu að gera ráðstafanir til að tryggja að agamál gegn saksóknara séu samkvæmt lögum og ættu að tryggja sanngjarnt og hlutlægt mat og úrskurð sem ætti að vera með fyrirvara um sjálfstæða og óhlutdræga endurskoðun (69).
88. Saksóknarar ættu ekki að hagnast á almennri friðhelgi sem verndar þá fyrir saksókn vegna brota sem þeir hafa framið og sem þeir þurfa að svara fyrir dómi þar sem þetta gæti leitt til skorts á tiltrú almennings eða jafnvel til spillingar (70). Ríki geta komið á sérstakri málsmeðferð varðandi það að láta saksóknara svara til saka fyrir dómi sem tryggingu fyrir sjálfstæði þeirra og óhlutdrægni.
89. Samkvæmt almennum viðmiðum kunna saksóknarar að þurfa vernd fyrir einkmálakærum vegna athafna sinna í góðri trú við að sinna skyldum sínum.

3.6 Verndun saksóknara, fjölskyldna þeirra, o.s.frv.

90. Ríki ættu að gera ráðstafanir til að tryggja að saksóknarar og, þar sem þess þarf, fjölskyldur þeirra njóti verndar ríkisins þegar persónulegu öryggi þeirra er ógnað vegna starfa þeirra (71).
91. Þegar saksóknarar eða fjölskyldur þeirra sæta ofbeldi eða hótunum eða einhvers konar ógnunum, þrýstingi eða óviðeigandi ótilhlýðilegu eftirliti, ber að rannsaka það í þaula og gera ráðstafanir til að það endurtaki sig ekki; ef þörf krefur skal útvega saksóknurum og fjölskyldum þeirra sálfræðiaðstoð eða andlegan stuðning (72).

4. Skyldur og réttindi saksóknara

4.1 Skyldur varðandi framkomu saksóknara

4.1.1 Grundvallarskyldan um óhlutdrægni, hlutlægni og sanngirni

92. Saksóknarar ættu að sinna skyldum sínum með óhlutdrægni og starfa með hlutlægni. Einnig að meðhöndla fólk eins og jafningja fyrir lögum og hvorki hygla neinum né mismuna.
93. Saksóknurum er kunnugt um spillingarhættu og biðja ekki um, samþykkja ekki og taka ekki við fríðindum eða neins konar hagsbótum í starfi sínu. Með óhlutdrægni verða saksóknarar að tryggja trú almennings á embættið. Saksóknarar forðast aukastörf og önnur verkefni þar sem óhlutdrægni þeirra gæti verið ógnað. Þeir greina aðstæður þar sem hætta er á hagsmunaárekstrum og segja sig frá viðkomandi verkum ef þörf krefur.

4.1.2 Ábyrgðarskylda saksóknara

94. Saksóknarar starfa á grundvelli opinberrar ábyrgðar. Ákvarðanir þeirra byggjast á lögum og öðrum reglum og eru innan marka ákvarðanafrelsis þeirra. Einkum ber saksóknurum að virða og tryggja verndun mannréttinda.

